

## *Efni: Tillaga ungmennaráðs um táknmálskennslu*

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 9. júní 2020 var lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 29. mars 2019, þar sem tillögu Reykjavíkurráðs ungmenna um táknmálskennslu í grunnskólum er vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs ásamt minnisblöðum sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. júní 2020 og 3. júní 2019, um tillöguna.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga Aldísar Lóu Benediktsdóttur frá ungmennaráði Breiðholts:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að innleiða táknmálskennslu í alla grunnskóla Reykjavíkurborgar eigi síðar en vorönn 2020.

Greinargerð fylgdi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi breytingartillögu:


Lagt er til að boðið verði upp á táknmál sem valgrein í grunnskóla í öllum hverfum Reykjavíkur skólaárið 2020-2021. Gengið verði til samstarfs við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra um fyrirkomulag og inntak námsins. Einnig verði boðið upp á námskeið fyrir kennara í grunnskólum Reykjavíkurborgar til að styðja þá kennara sem vilja taka upp táknmálskennslu í sínum námshópum.

Tillagan var samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Tillaga Aldísar Lóu Benediktsdóttur frá ungmennaráði Breiðholts um að auka veg táknmálskennslu í grunnskólum borgarinnar er allrar athygli verð og hefur verið unnið að því undanfarna mánuði að finna henni góðan farveg. Niðurstaða þess undirbúnings er að bjóða táknmálskennslu sem valfag í unglíngadeildum í öllum hverfum borgarinnar og er það mikilvægt skref í þá átt að draga úr félagslegri einangrun þess hóps sem treystir á íslenskt táknmál sem tungumál og samskiptaform.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Samrit:

Reykjavíkurráð ungmenna

Hjálagt:

Minnisblað, dags. 3. júní 2019

Minnisblað, dags. 4. júní 2020

Bréf borgarstjóra, dags. 29. mars 2019



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð  
**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Varðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts um táknmálskennslu í grunnskólum*

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 26. mars 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga Aldísar Lóu Benediktsdóttur frá ungmennaráði Breiðholts:

*Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að innleiða táknmálskennslu í alla grunnskóla borgarinnar eigi síðar en vorönn 2020.*

Tillögunni fylgdi greinargerð. Málinu var vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs. Tillagan var kynnt á fundi skóla- og frístundaráðs 13. ágúst 2019 og jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs dags. 3. júní 2019 um tillöguna. Þar var lagt til að leitað yrði til táknmálssviðs Hlíðaskóla um að það stæði fyrir valnámskeiðum fyrir grunnskólanemendur í Reykjavík sem vildu læra táknmál í því skyni að tjúfa félagslega einangrun heyrnardaufra/heyrnarlaustra félaga sinna. Leitað var til táknmálssviðs Hlíðaskóla til að kanna hvort það hefði möguleika á að koma til móts við þá tillögu en Hlíðaskóli vísaði á Samskiptamiðstöð heyrnarlaustra og heyrnarskertra.

Samskiptamiðstöð tók því vel að bjóða upp á valnámskeið í táknmáli fyrir grunnskólanemendur í Reykjavík. Starfsmenn miðstöðvarinnar óskuðu eftir fundi með grunnskólaskrifstofu um málið þar sem farið var yfir möguleika til samstarfs.

Ekki var gert ráð fyrir táknmálsnámskeiðum fyrir grunnskólakennara og valnámskeiðum í táknmáli fyrir nemendur í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2020. Skóla- og frístundasvið ákvað því að sækja um í Sprotasjóð fyrir kostnaði vegna valnámskeiða í táknmáli fyrir nemendur í 8. – 10. bekk og í Endurmenntunarsjóð grunnskóla fyrir táknmálsnámskeiðum fyrir grunnskólakennara haustið 2020.

Styrkur fékkst úr Sprotasjóði samtals að upphæð kr. 1.350.000 til að halda fimm valnámskeið í íslensku táknmáli fyrir nemendur í 8. – 10. bekk, þ.e. eitt námskeið í hverjum borgarhluta. Skólar í þremur borgarhlutum hafa þegar lýst yfir áhuga á að bjóða upp á valnámskeið í íslensku

táknmáli fyrir nemendur í 8. – 10. bekk haustið 2020 en stefnt er að því að bjóða upp á tvö námskeið á vorönn 2021 í þeim borgarhlutum sem eftir eru. Samstarf hefur tekist við Samskiptamiðstöð heymarlausra og heymarskertra um að hafa umsjón með þessum námskeiðum sem yrðu sambærileg við námskeið sem miðstöðin hefur boðið upp á áður fyrir nemendur á grunnskólaaldri. Námskeiðslýsing liggur þegar fyrir og mun verða tekið mið af óskum hvers skóla og möguleika á að blanda saman stað- og fjarnámi. Námskeiðin verða á bilinu 15 – 18 vikur, 2 samliggjandi kennslustundir í senn, einu sinni í viku eða samtals 30 – 36 kennslustundir. Vegna styrksins úr Sprotasjóði er hægt að bjóða skólunum þessi námskeið þeim að kostnaðarlausu.

Styrkur fékkst úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til að halda allt að 40 kennslustunda táknmálsnámskeið fyrir grunnskólakennara í borginni á skólaárinu 2020 – 2021. Samstarf hefur einnig tekist við Samskiptamiðstöð heymarlausra og heymarskertra um að hafa umsjón með þessum námskeiðum sem yrðu sambærileg við önnur táknmálsnámskeið sem miðstöðin hefur boðið upp á um árabíl. Stefnt er að því að þessi námskeið verði haldin á haustið 2020 og hefjist um leið og skólaárið byrjar.



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð  
**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### ***Efni: Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts um táknmálskennslu í grunnskólum***

Svohljóðandi tillaga fulltrúa ungmennaráðs Breiðholts var lögð fram á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna 26. mars 2019 og vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

*Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að innleiða táknmálskennslu í alla grunnskóla Reykjavíkurborgar eigi síðar en vorönn 2020.*

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að hlutfallslega fáir tali táknmál og að um 300 íslendingar líti á táknmál sem sitt fyrsta mál. Þar af leiðandi upplifi þessi hópur ákveðna félagslega einangrun. Jafnframt kemur fram að sveitarfélög beri ábyrgð á því að stuðla að táknmálsoptkun og skilningi þess.

Í Hlíðaskóla er starfrækt táknmálssvið sem veitir heymarskertum og heymarlausum nemendum sérhæfða kennslu og þjónustu en skólinn skilgreinir sig sem tvítyngdan skóla þar sem íslenska og táknmál heymarlausa eiga að vera jafurétthá. Á hverju skólaári stunda 15 til 20 nemendur nám á táknmálssviði en þeir fylgja jafnframt stundátöflu síns bekkjar að miklu leyti. Allir nemendur í Hlíðaskóla á yngsta- og miðstigi fá táknmálskennslu, eina kennslustund á viku. Á unglingsstigi er táknmál valgrein.

Það hefur staðið Hlíðaskóla og táknmálskennslunni fyrir þrífum að lítið sem ekkert námsefni er til á táknmáli auk þess sem mjög erfitt hefur verið að manna stöður táknmálskennara. Einnig hefur verið mjög erfitt að fá táknmálsnámskeið fyrir kennara skólans.

Grunnskólar Reykjavíkurborgar eru 36 og eru nemendur á þessu skólaári um 14.200. Ekki kemur fram í tillögunni hvort lagt sé til að innleiða táknmálskennslu fyrir alla nemendur eða fyrir ákveðna aldurshópa, hve mikið vægi slík kennsla ætti að hafa í stundaskrá nemenda eða hvort um sé að ræða valgrein.

Þegar tekið tillit til reynslu Hlíðaskóla eru afar litlar líkur á það takist að ráða í stöður táknmálskennara sem geta kennt einum eða fleiri árgöngum í grunnskólum Reykjavíkur táknmál að því marki að allir nemendur hafi til að bera þá færni að geta tekið þátt í að rjúfa félagslega einangrun heymardaufra/heymarlausa.

Mikilvægt er að allir einstaklingar séu virkir samfélagsþegnar. Sjálfstjórning á tungumáli sem aðrir skilja er lykill að samfélagslegri virkni. Lagt er til að leitað verði til táknnálmálssviðs Hlíðaskóla að það standi fyrir valnámskeiðum fyrir nemendur í Reykjavík sem vilja læra táknnálmál svo að þeir geti lagt hönd á plóg við að rjúfa félagslega einangrun heyrnardauffra/heyrnarlausra félaga sinna.



1. APR. 2019

SFS 2019040003

Málsnr.:

4.13

Reykjavík, 29. mars 2019  
R19030297

Skóla- og fristundaráð

Borgartúni 12 - 14  
105 REYKJAVÍK***Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts um táknaðskennslu í grunnskólum***

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 26. mars 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga Aldísar Lóu Benediktisdóttur frá ungmennaráði Breiðholts:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og fristundaráði að innleiða táknaðskennslu í alla grunnskóla Reykjavíkurborgar eigi síðar en vorönn 2020.

**Greinargerð:**


Um 300 Íslendingar lita á táknað sem sitt fyrsta mál. Hlutfallslega fáir tala táknað og þar af leiðandi upplifir þessi hópur ákveðna félagslega einangrun. Í lögum um táknað kemur fram að sveitarfélag beri ábyrgð á því að stuðla að táknaðsnotkun og skilning þess. Ungmennaráð Breiðholts leggur til að Reykjavíkurborg bregðist við með því að sjá öllum nemendum í grunnskólum Reykjavíkur fyrir grunnfræðslu í táknaði og þannig stuðlað að samfélagi sem er opið öllum.

Samþykkt að visa tillögunni til meðferðar skóla- og fristundaráðs.

Athygli er vakin á því að **tillagan var ekki samþykkt á fundinum** og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fyrir, taka til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Óskað eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdís Valdímarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og fristundasviði.

Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af skóla- og fristundaráði fyrir þann tíma.



Heilga Björk Jakobsdóttir  
e.u.

